

ráðanda að taka þrotabú Júlíusar Helgasonar til lög-  
legrar meðferðar og ljúka í því skiptum.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 23. október 1980.

Nr. 47/1980.

**Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Bernharð Smára Jónssyni**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bífhjól. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-  
son, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hef-  
ur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur vitnið Aðalsteinn Jóns-  
son komið fyrir sakadóm að nýju. Kvaðst hann þá hafa skýrt  
rangt frá í sakadómi Reykjavíkur 19. (sic) febrúar 1979.  
Honum voru þá kynnt ákvæði 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/  
1974 svo og 148. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og skýrði  
hann þá svo frá, að fyrri framburður sinn í sakadómi Reykja-  
víkur 16. febrúar 1979 hefði verið sannleikanum samkvæmur.  
Kvaðst hann hafa ætlað að breyta framburði sínum vegna  
beiðni ákærða, mestmegnis af greiðasemi, en einnig af ótta.

Ákærði öðlaðist hinn 15. desember 1975 leyfi til að stýra  
léttu bífhjóli, sbr. 6. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 40/1968,  
sbr. 42. gr. reglugerðar nr. 57/1960, svo sem henni hefur ver-  
ið breytt, síðast með 1. gr. reglugerðar nr. 285/1973. Hann  
var sviptur því leyfi í 12 mánuði með dómssátt 20. desember

1976 frá 12. október 1976 að telja. Hann fékk leyfi til að aka bifreið 22. desember 1977.

Fyrra brot ákærða hefur ekki ítrekunaráhrif við ákvörðun refsingar fyrir brot það, sem hér er til umfjöllunar, sbr. niðurlagsákvæði 1. mgr. 71. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann með þeirri athugasemd, að brot ákærða, sem ók léttu bifhjóli, varðaði ekki við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Bernharð Smári Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. apríl 1979.

Ár 1979, þriðjudaginn 10. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birgi Þormar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 127/1979: Ákærvaldið gegn Bernharð Smára Jónssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. júní 1978, á hendur ákærða, Bernharð Smára Jónssyni lagermanni, Rjúpufelli 29, Reykjavík, fæddum þar í borg 3. nóvember 1960, „fyrir að aka að kvöldi föstudagsins 26. ágúst 1977 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum létta bifhjólinu R 656 um götur í Fellahverfi í Breiðholti í Reykjavík, þar sem akstri lauk við verslunina Iðufell.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr., sbr. 8. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr.

lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-  
leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24.  
gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði sætt eftirtöldum kær-  
um og refsingum:

1976 20/12 í Reykjavík: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25.  
gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 12/10  
1976.

Samkvæmt skýrslu Sveinbjörns Guðmundssonar lögreglumanns  
eru málavextir þessir:

Föstudaginn 26. ágúst 1977 var skýrslugjafi á eftirlitsferð í lög-  
reglubifreiðinni R 20000 ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum.  
Klukkan 2347 var tilkynnt frá fjarskiptastöð lögreglunnar, að  
maður hefði þá skömmu áður farið frá Rjúpufelli 29 á léttu bif-  
hjóli, R 656. Sagt var, að hann væri mjög ölvaður, einnig að hann  
væri skorinn á höndum. Lögreglumenn á bifreiðunum R 20000  
og R 20008 fóru að svipast um eftir manni þessum. Um klukkan  
0028 var maður handtekinn við verslunina Iðufell, en hann var  
að leggja hjólinu R 656, þegar lögreglumennina bar að. Maður-  
inn var ákærði í máli þessu. Á vinstri hendi hans var skurður,  
ca 15 cm langur. Ekki var talið mögulegt að gera að sári hans  
á slysadeild Borgarspítalans vegna þess, hve æstur hann var.

Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar klukkan 0155 um  
nóttina. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn  
alkóhóls í blóði 2.11%.

Tekin var skýrsla af ákærða daginn eftir. Hann kvaðst hafa  
drukkið áfengi kvöldið áður, gerst mjög ölvaður og ekki muna  
ljóst, hvað gerðist. Hann kvaðst hafa lánað Matthíasi Waage vél-  
hjól sitt um kvöldið, en hann mundi eftir því, að Matthías skil-  
aði hjólinu. Hann kvaðst ekki muna eftir því að hafa ekið bif-  
hjólinu, en hann mundi óljóst eftir því, þegar lögreglumenn voru  
að hlaupa á eftir honum á gangstíg við verslunina Iðufell.

Fyrir dómi hefur ákærði ekki kannast við að hafa ekið bifhjóli  
í greint sinn.

Verða nú raktir framburðir vitna í málinu.

Vitnið Sveinbjörn Þorgarður Guðmundsson lögreglumaður,  
Strandaseli 3, Reykjavík, sagði, að þegar lögreglumennirnir komu  
að Rjúpufelli, sögðu tveir drengir þeim, að ákærði hefði komið  
skömmu áður frá heimili sínu, blóðugur á hendi og mjög drukk-

inn, og hefði hann tekið bifhjól sitt, sem var geymt nálægt sorptunnum hússins, og farið burt á því. Þessir unglingar kölluðu ökumann bifhjólsins Benna. Þegar lögreglumennirnir voru að leita að ákærða og voru staddir við Kron, sögðu unglingar, sem þar voru, að ákærði væri við Nýgrill. Verslunin Kron er við göngugötu á milli Nýgrills og Iðufells, þar sem ákærði var handtekinn. Að fengnum þessum upplýsingum fór einn maður eða tveir úr lögreglubifreiðinni að leita ákærða, en vitnið hélt áfram leitinni úr lögreglubifreiðinni. Það sá ákærða fyrst, eftir að hann hafði verið handtekinn.

Lögreglumennirnir Ingi Þór Þorgrímsson, Svöluhrauni 10 í Hafnarfirði, og Vignir Sveinsson, Grensásvegi 56 í Reykjavík, voru báðir í lögreglubifreiðinni R 20000 ásamt Sveinbirni Þ. Guðmundssyni.

Ingi Þór Þorgrímsson sagði, að tilkynning hefði komið frá fjarskiptastöð lögreglunnar um ólæti í húsi við Rjúpufell. Er lögreglumennirnir komu að Rjúpufelli, hittu þeir unglinga, sem sögðu frá því, að strákur, sem þeir kölluðu Benna, hefði umturnað öllu á heimili sínu, skorið sjálfan sig og farið frá heimili sínu á vélhjól, sem hann átti, en hafði verið í láni hjá öðrum. Lögreglumennirnir hófu leit að manni þessum með aðstoð unglinganna. Einnig voru fleiri lögreglubifreiðar kallaðar á staðinn, þar á meðal R 20006 og R 20008, að því er vitnið minnir. Þegar vitnið var nálægt versluninni Kron, sögðu unglingar frá því, að nefndur Benni væri á göngustíg, sem liggur frá Kron að Iðufelli. Vitnið fór út úr lögreglubifreiðinni og elti hjól, sem var á göngustígnum, en lögreglubifreiðin R 20000 ók að Iðufelli. Þegar vitnið var að hlaupa eftir göngustígnum, kom önnur lögreglubifreið, R 20006 eða 20008, og ók fram hjá vitninu á göngustígnum. Er vitnið kom að Iðufelli, var vélhjól þar uppi við vegg og lögreglumenn í handalögmálum við mann þar skammt frá. Þegar vitnið elti hjólið, sá það afturljós þess og aðeins móta fyrir manni.

Vitnið kvaðst hafa heyrt hjá áðurnefndum unglिंगum, að Benni yrði vitlaus með víni. Hann og systir hans hefðu verið með party á heimili þeirra og hefði hann umturnað öllu í íbúðinni og skorið sjálfan sig með rakvélarblaði.

Vignir Sveinsson mundi, að unglingar sögðu lögreglumönnum frá því, að strákur, sem væri skorinn á höndum og blóðugur, væri að aka bifhjól olvaður. Vitnið minnti, að það hefði tekið þátt í að hlaupa á eftir bifhjól á göngustíg, sem liggur að Iðufelli. Vitnið minnti, að Volvo lögreglubifreið hefði verið ekið

fram hjá því á göngustígnum. Vitnið sagði, að maður, sem það telur, að hafi verið ökumaður bifhjólans, hefði verið króaður af við Iðufell með þeim hætti, að lögreglubifreiðinni R 20000 var ekið að Iðufelli úr gagnstæðri átt en þeirri, sem Volvoinn kom úr. Vitnið gat ekki fullyrt um það, hvort bifreiðin R 20000 var komin að Iðufelli, þegar bifhjólið var stöðvað. Vitnið mundi, að þegar maðurinn var fluttur í lögreglubifreiðina R 20000, var bifreiðin við kvöldsöluna í Iðufelli.

Eiður Haralds Eiðsson lögreglumaður, Engjaseli 39 í Reykjavík, tók þátt í að leita að bifhjólinu R 656 á lögreglubifreiðinni R 20008. Með vitninu í lögreglubifreiðinni var Björn Björgvinsson, sem vitnið heldur, að sé nú íþróttakennari á Sauðárkróki.

Vitnið sagði, að þeir hefðu fengið tilkynningu um það, að hjól væri á gangstíg, sem liggur frá Kron að Iðufelli. Lögreglubifreiðinni var ekið að gangstígnum og eftir honum og fram hjá lögreglumanni, sem þar var á hlaupum. Vitnið kvaðst hafa séð vélhjólið allan tímann, frá því að lögreglubifreiðin kom að Kron og þar til hjólið hvarf fyrir horn við Iðufell. Þegar lögreglubifreiðin kom að horninu, sáu þeir vélhjól, sem lagt hafði verið skammt hjá við verslunarvegg. Lögreglubifreiðin var stöðvuð rétt eftir að hún kom fyrir hornið. Þá kom maður úr þeirri átt, sem hjólið var, gekk fram hjá lögreglubifreiðinni og reyndi að komast yfir steinvegg við gangstígninn. Þar var hann handtekinn.

Vitnið kvaðst aðeins hafa misst sjónar af vélhjólinu örstutta stund, eftir að hjólið fór fyrir hornið. Í nágrenninu voru unglingar, en það er mat vitnisins, að enginn þeirra hafi verið það nálægt hjólinu, þegar lögreglubifreiðin kom fyrir hornið, að til greina komi, að annar hafi ekið en sá, sem var handtekinn.

Að mati vitnisins er það útilokað, að maður hafi hlaupið frá vélhjólinu, eftir að það var stöðvað, og farið yfir vegginn við gangstígninn, án þess að lögreglumenn sæju hann.

Matthías Waage, Rjúpufelli 46, Reykjavík, fæddur 27. júlí 1961, gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 4. október 1977. Hann kvaðst hafa fengið bifhjólið R 656 lánað hjá ákærða umrætt kvöld. Hann sagðist hafa verið á hjólinu um það bil hálfu til eina klukkustund. Eftir það sagðist hann hafa skilið við hjólið hjá versluninni Iðufelli til að fela það fyrir ákærða, sem var undir áhrifum áfengis.

Hann sagðist hafa verið með kveikjuláslykla að hjólinu, þegar ákærði var handtekinn.

Matthías Waage mætti einnig fyrir dómi. Hann kvaðst þá

eiginlega ekkert muna eftir atburðinum. Hann minnti þó, að hann hefði fengið lánað hjól hjá ákærða umrætt kvöld. Hann mundi, að hann hafði skilað hjólinu heim til ákærða, og minnti, að hann hefði þá skilað lyklum að því. Hann mundi ekki, hvers vegna hann sagði lögreglunni, að hann hefði skilið hjólið eftir við Iðufell og haldið lyklunum að því.

Aðalsteinn Jónsson, Möðrufelli 13, Reykjavík, fæddur 2. janúar 1961, gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 2. mars 1978. Hann skýrði svo frá, að umrætt kvöld hefði hann hitt ákærða, sem var verulega ölvaður. Var ákærði að teyma létt bifhjól. Hann fékk hjólið lánað hjá ákærða og var að leika sér á því við Grillið. Hann sá, að lögreglan veitti honum eftirför, þegar hann ók á gangstíg. Ók hann þá að versluninni Iðufelli. Þar kastaði hann hjólinu frá sér og lyklunum til ákærða, sem var þar rétt hjá. Síðan hljóp hann af stað og yfir vegginn við gangstígin. Hann sá, áður en hann fór yfir vegginn, að ákærði fylgdi á eftir.

Aðalsteinn Jónsson mætti einnig fyrir dómi. Þá játaði hann, að hann hefði skýrt ósatt frá um þennan atburð hjá lögreglunni. Hann kvaðst hálfpartinn hafa óttast ákærða. Hann kvaðst raunverulega ekki vita annað um málið en það, að hann heyrði á krökkum, sem voru við Nýgrill, að lögreglan væri að elta ákærða. Hann sá mann falla af bifhjóli við Nýgrill, rísa síðan upp og halda áfram. Lögreglan var á eftir þeim manni. Hann sá ekki, hver maðurinn var. Hann sagði, að frænka sín, Viktoría Ragnarsdóttir, hefði séð ákærða hlaupa frá hjólinu og lenda í handalögmálum við lögreglumenn.

Viktoría Eyrún Ragnarsdóttir, Rjúpufelli 44, Reykjavík, fædd 18. apríl 1961, kvaðst hafa séð lögregluna handtaka strák, sem kallaður er Benni, við verslunina Iðufell. Hún var að koma úr strætisvagni, þegar hún sá þetta. Hún sá hann ekki aka hjóli.

Rúnar Birgisson, Stífluseli 9, Reykjavík, fæddur 18. maí 1960, kvaðst hafa búíð við sama stigagang og ákærði. Systir ákærða hringdi í lögregluna frá heimili hans, en einhver læti munu hafa verið á heimili ákærða. Hann sá ákærða ekki fyrr en lögreglan var að handtaka hann.

Systir ákærða, Bryndís Þóra Jónsdóttir, Rjúpufelli 29, fædd 13. ágúst 1962, mætti í dómnum og samþykkti að bera vitni í málinu.

Hún kvaðst hafa hringt á lögregluna. Síminn var lokaður á heimili hennar, og fékk hún að hringja úr íbúð á hæðinni fyrir

neðan. Hún sagði, að ákærði hefði verið ölvaður. Hún óttaðist, að hann tæki bifhjól og færi sér að voða. Skömmu áður hafði hann skorið sig á hendi. Hún sá ekki, þegar það gerðist. Hún kvaðst ekki hafa séð ákærða aka brott og ekki heyrt í hjólinu. Hún veit ekki um það, sem síðar gerðist í þessu máli.

Prátt fyrir neitun ákærða verður að telja sannað með hliðsjón af niðurstöðu alkóhólrannsóknar og framburðum vitna, að hann hafi gerst sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali og þar er rétt heimfært til refsíákvæða.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 100.000 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuleyfi. Þykir ökuleyfissvipting hans hæfilega ákveðin í 1 ár frá uppkvaðningu þessa dóms.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal kr. 70.000 til verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæsaréttarlögmanns.

#### Dómsorð:

Ákærði, Bernharð Smári Jónsson, greiði krónur 100.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 12 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 ár frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal krónur 70.000 til verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

---